

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi „Miðsvæði við Fjarðarveg á Þórshöfn“ á fundi sínum 13. maí 2026.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir fjögurra íbúða raðhús við Miðholt. Íbúðirnar fá númerin Miðholt 20, 22, 24 og 26. Svæðið tilheyrir opnu svæði Þórshafnar og er á skilgreindu miðsvæði í aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem m.a. er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Samhliða þessari breytingu eru gerðar tilfærslur á legu útivistarstíga við hina nýju lóð. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulagið frá 30. júní 2021.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Langanesbyggðar, 18. maí 2026.*

**Arnar Birgir Ólafsson** skipulagsráðgjafi.

---

B deild - Útgáfudagur: 11. júní 2026